

**2018 nr. 155 21. desember****Lög um landgræðslu**

Tóku gildi 10. janúar 2019. Breytt með: L. 33/2019 (tóku gildi 24. maí 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **matvælaráðherra** eða **matvælaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Markmið og orðskýringar.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

**■ 2. gr. Markmið um vernd og sjálfbæra nýtingu lands.**

□ Til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu lands skal stefnt að því að:

- nýting lands taki mið af ástandi þess og stuðli að viðgangi og virkni vistkerfa,
- stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs,
- komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi,
- hver sá sem veldur spjöllum á gróðri og jarðvegi bæti fyrir það tjón,
- nýting lands verndi líffræðilega fjölbreytni og orku- og næringarforða og nauðsynlega jarðvegseiginleika fyrir virkni vistkerfisins,
- auka þátttöku almennings og hagsmunaaðila í stefnu-mótun og aðgerðum sem varða gróður- og jarðvegsvernd,
- auka þekkingu á mikilvægi jarðvegs og gróðurs og sjálfbærrar nýtingar lands,
- fram fari reglubundin vöktun á gróðurlendi, jarðvegi og landnýtingu.

**■ 3. gr. Markmið um endurheimt og uppbyggingu vistkerfa á landi.**

- Til að efla vistkerfi landsins skal stefnt að því að:
- byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast og líffræðilega fjölbreytni þeirra,
  - auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart náttúrulegum áföllum og náttúruvá,
    - auka kolefnisbindingu með endurheimt vistkerfa,
    - virka almenning og hagsmunaaðila til þátttöku í endurheimt og uppbyggingu vistkerfa.

**■ 4. gr. Orðskýringar.**

□ Merking eftirfarandi orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Ástand lands*: Eiginleikar og samsetning gróðurs og jarðvegs í vistkerfum viðkomandi landsvæðis í samanburði við það sem telja má eðlilegt miðað við náttúrulegar aðstæður.

b. *Endurheimt vistkerfa*: Það ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfaþjónustu í það horf að vistkerfið nái að þróast án hnignunar.

c. *Jarðvegsrof*: Losun, flutningur og setmyndun yfirborðsfna af völdum rofs, t.d. vindrofs, vatnsrofs, skriðufalla og yfirborðshreyfingar af völdum ísnála og holklaka.

d. *Jarðvegur*: Hluti lífheimsins undir yfirborði jarðar þar sem efnabreytingar mynda moldarefni. Jarðvegurinn er jafnframt hluti vistkerfa og þjónar þeim á marga vegu, m.a. sem hlekkur í hringrásum næringarefna og vatns.

e. *Landbótaáætlun*: Tímasett aðgerðaáætlun um úrbætur á ástandi lands og í landnýtingu.

f. *Landbrot*: Jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi vatna.

g. *Landgræðsla*: Samheiti yfir alla starfsemi og aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg með ákveðin markmið að leiðarljósi.

h. *Landgræðslusvæði*: Land sem Landgræðslan hefur umsjón með, hvort heldur sem er í eigu hins opinbera eða einkaaðila.

i. *Varnarmannvirki*: Varnargarðar og bakkavarnir.

j. *Vistkerfaþjónusta*: Ábati sem menn njóta af vistkerfum náttúrunnar, svo sem fæða, vatn, útivist og útsýni.

k. *Vistkerfi*: Safn lífvera sem hafast við í afmörkuðu rými af tiltekinni gerð, ásamt öllum verkunum og gagnverkunum meðal lífveranna og tengslum þeirra við lífræna jafnt sem ólífræna umhverfisþætti sem tilheyra kerfinu, svo sem loft, vatn, jarðveg og sólarljós.

**II. kafli. Stjórn landgræðslumála og áætlanir.****■ 5. gr. Stjórn landgræðslumála.**

□ Ráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála samkvæmt lögum þessum.

□ Rákið starfrækir stofnun sem nefnist Landgræðslan. Hlutverk stofnunarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og annast daglega stjórnarsýslu á því sviði sem lögin ná til. Önnur helstu verkefni Landgræðslunnar eru:

- að leiðbeina um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu lands,
- að vinna að og hvetja til þátttöku í landgræðslu,
- að vinna að þróun landgræðslu, m.a. með því að stunda rannsóknir og þróunarstarf,
- að afla upplýsinga um landnýtingu og ástand lands og miðla þeim,
- að hafa yfirsýn yfir og eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í landgræðslu í landinu,
- að hafa umsjón með landgræðslusvæðum.

□ Ráðherra skipar forstöðumann Landgræðslunnar, landgræðslustjóra, til fimm ára í senn. Skal hann hafa háskóla-gráðu á málefnasviði stofnunarinnar. Landgræðslustjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Landgræðslunnar og ræður annað starfsfólk hennar.

□ Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um starfsemi Landgræðslunnar.

**■ 6. gr. Landgræðsluáætlun.**

□ Ráðherra gefur eigi sjaldnar en á fimm ára fresti út landgræðsluáætlun til tíu ára í senn. Í landgræðsluáætlun skal kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu með hliðsjón af markmiðum laga þessara. Áætlunin skal stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd. Í áætluninni skal gera grein fyrir markmiðum stjórnvalda um hvernig nýting lands styður best við atvinnu og byggðir í landinu, hvernig gæði lands eru best varðveitt og hvernig efla megi og endurheimta vistkerfi sem skert hafa verið og koma með tillögur um breytingar á nýtingu lands, t.d. friðun fyrir tiltekinni nýtingu þar sem það á við. Jafnframt skal horft til þess að nýta betur fjármagn og mannafla og samþætta áætlunina við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga sem og alþjóðlegar skuldbindingar.

□ Ráðherra skipar fimm manna verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með gerð landgræðsluáætlunar og skilar tillögu til ráðherra. Verkefnisstjórnin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þremur án tilnefningar og skulu a.m.k. tveir þeirra hafa fagþekkingu á málefnasviði laga þessara. Landgræðslustjóri skal vera formaður verkefnisstjórnar.

□ Verkefnisstjórn skal í upphafi taka saman lýsingu á verkefni þar sem gerð er grein fyrir þeim áherslum sem fyrirhugað er að hafa við gerð landgræðsluáætlunar, svo sem um forsendur, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefunnar. Lýsing verkefnisstjórnar á gerð landgræðsluáætlunar skal kynnt opinberlega og skal almenningi gefinn að lágmarki sex vikna frestur til að koma á framfæri athugasemdum.

□ Þegar drög að áætluninni liggja fyrir skal verkefnisstjórn kynna þau opinberlega ásamt umhverfismati áætlunarinnar, þegar við á. Jafnframt skal óska sérstaklega eftir umsögnum frá viðeigandi stofnunum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og hagsmunaaðilum. Frestur til að skila umsögnum um drögin skal vera að lágmarki sex vikur.

□ Ráðherra skal samræma landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt samkvæmt lögum um skóga og skógrækt.

□ [Áður en landgræðsluáætlun tekur gildi skal hún kynnt þeirri nefnd Alþingis sem fer með málefni landgræðslumála.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 33/2019, 25. gr.

#### ■ 7. gr. Svæðisáætlanir um landgræðslu.

□ Landgræðslan skal í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila vinna svæðisáætlun fyrir hvern landshluta á grunni landgræðsluáætlunar. Í svæðisáætlun skal tilgreina landgræðslusvæði, sbr. 20. gr., og önnur svæði sem leggja skal áherslu á í landgræðslu og hvernig best er unnið að þeim markmiðum sem fram koma í landgræðsluáætlun að teknu tilliti til skipulagsáætlana og náttúruverndar. Landgræðslan skal kynna drög að svæðisáætlun opinberlega og óska eftir umsögnum. Stofnunin skal í kjölfarið birta svæðisáætlun og skal hún endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

### III. kafli. Stuðningur við landgræðslu.

#### ■ 8. gr. Stuðningur við landgræðslu.

□ Landgræðslunni er heimilt að hvetja til og styðja verkefni á vegum einstaklinga, félagasamtaka, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra í samræmi við markmið laga þessara.

□ Auglýsa skal á opinberum vettvangi eftir umsóknum um hvers kyns stuðning við landgræðslu. Í auglýsingunni skal koma fram hvaða reglu gilda um meðferð umsókna og til hvaða skilyrða verði litið við ákvörðun um styrk eða annað framlag.

□ Gera skal skriflega samninga um verkefni skv. 1. mgr. þar sem kveðið er á um gagnkvæmar skyldur og réttindi aðila. Þinglýsa skal slíkum samningum feli þeir í sér kvaðir á land eða aðrar fasteignir.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um stuðning við landgræðslu og form samninga.

### IV. kafli. Sjálfbær landnýting.

#### ■ 9. gr. Sjálfbær landnýting.

□ Nýting lands skal vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni, sbr. 11. gr.

#### ■ 10. gr. Mat á nýtingu og ástandi lands.

□ Landgræðslan leggur mat á hvers konar landnýting samræmist markmiðum laga þessara. Í þeim tilgangi skal stofnunin meta ástand lands, árangur af gróður- og jarðvegsvernd og eflingu og endurheimt vistkerfa með tilliti til mismunandi landnytja. Þessar upplýsingar skal stofnunin birta og gera aðgengilegar.

□ Umráðamönnum lands er skylt að heimila för um landareign vegna mats á nýtingu og ástandi lands skv. 1. mgr. enda valdi það ekki óþarfa ónáði eða tjóni fyrir landeiganda.

□ Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara greinar.

#### ■ 11. gr. Leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

□ Ráðherra skal setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, sbr. 9. gr., með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju. Landgræðslan gerir tillögur að slíkum leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Ráðherra birtir opinberlega drög að leiðbeiningum og viðmiðum og skal frestur til að skila athugasemdum vera að lágmarki fjórar vikur.

#### ■ 12. gr. Ósjálfbær landnýting og landbótaáætlun.

□ Leiði eftirlit Landgræðslunnar eða sveitarstjórnar með ástandi lands, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., í ljós að nýting þess samrýmist ekki lögum þessum eða viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu skv. 11. gr. skal Landgræðslan leiðbeina eiganda eða réttihafa lands um gerð landbótaáætlunar í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn.

□ Telji Landgræðslan að eigandi eða réttihafi lands sinni ekki gerð landbótaáætlunar eða að hlutaðeigandi aðili eða aðilar fylgi ekki ákvæðum hennar skal stofnunin óska eftir ítölu, sbr. ákvæði 17.–25. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, eða fara fram á takmörkun umferðar, sbr. 25. gr. og 25. gr. a í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013. Sé um að ræða aðra nýtingu lands en fyrrnefnd lög taka til er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum, sbr. 24. gr.

□ Megi rekja ósjálfbæra landnýtingu til ágangs vegna lausagöngu búfjár skal Landgræðslan óska eftir því við viðkomandi sveitarstjórn að hún, í samráði við stofnunina, ákveði að hlutaðeigandi umráðamönnum búfjár verði gert skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins, sbr. lög um búfjárhald.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð landbótaáætlunar, þ.m.t. um efni hennar.

#### ■ 13. gr. Framkvæmdir sem hafa áhrif á gróður og jarðveg.

□ Við hvers kyns leyfisskyldar framkvæmdir sem geta haft áhrif á gróður og jarðveg skal sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski.

### V. kafli. Vernd, endurheimt og efling vistkerfa.

#### ■ 14. gr. Stöðvun eyðingar og endurheimt vistkerfa.

□ Landgræðslan skal vinna að því að draga úr eða stöðva eyðingu gróðurs og jarðvegs. Stofnunin skal jafnframt stuðla að endurheimt vistkerfa. Markmið og áherslur endurheimtar og eflingar vistkerfa samkvæmt þessari grein skal skilgreina í landgræðsluáætlun, sbr. 6. gr.

□ Landgræðslunni er heimilt að gera samkomulag við landeiganda eða réttihafa lands um aðgerðir í samræmi við markmið laga þessara til að draga úr eða koma í veg fyrir jarðvegsrof, svo sem sandfok, sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum. Á samningstíma skulu umráð hins samningsbundna lands vera á hendi Landgræðslunnar, nema um annað sé samið.

**VI. kafli. Varnir gegn landbroti.****■ 15. gr. Forgangsröðun.**

□ Landgræðslan metur hvar þörf er á varnaraðgerðum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum. Við forgangsröðun verkefna skal líta til verðmætis þess lands eða mannvirkis sem landbrotið ógnar og kostnaðar vegna varnaraðgerða. Rækt að land, nytjalönd og svo annað gróðurlendi skal að jafnaði njóta forgangs við röðun verkefna.

**■ 16. gr. Hlutverk landeiganda eða réttihafa lands og skráning.**

□ Verði landeigandi eða réttihafi lands var við landbrot eða telji hættu á landbroti yfirvofandi skal hann tilkynna það til Landgræðslunnar. Stofnunin heldur skrá yfir landbrot eða hættu á því og metur hvar þörf á varnaraðgerðum er brýnust.

**■ 17. gr. Samráð um varnarmannvirki og leyfisveitingar.**

□ Landgræðslan skal hafa samráð við landeiganda eða réttihafa mannvirkja eða lands sem varnarmannvirki er ætlað að verja, auk viðkomandi sveitarfélags. Sé um að ræða straumvatn skal hafa samráð við eigendur beggja bakka. Ef framkvæmd kann að hafa áhrif á veiði eða fiskrækt skal hún tilkynnt stjórn viðkomandi veiðifélags eða Fiskistofu ef ekki er starfandi veiðifélag, sbr. lög um lax- og silungsveiði og lög um fiskrækt. Fyrirhugaðar framkvæmdir við varnarmannvirki skulu tilkynntar til hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

□ Vilji landeigandi, réttihafi lands eða veiðifélag gera atugasemd við fyrirhugaða framkvæmd skal hún vera skrifleg og berast stofnuninni innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar.

**■ 18. gr. Framkvæmdir við varnarmannvirki.**

□ Þegar fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir við varnarmannvirki skal Vegagerðin hafa umsjón með verkfræðilegum undirbúningi og framkvæmdum í samráði við Landgræðsluna. Landgræðslunni er þó heimilt að ákveða að stofnunin sé framkvæmdaraðili varnaraðgerða samkvæmt þessari grein, enda sé ekki um að ræða aðgerðir til varnar umferðarmannvirkjum.

**■ 19. gr. Kostnaður við varnarmannvirki.**

□ Landgræðslunni er heimilt að styrkja, að hluta til eða öllu leyti, framkvæmdir við varnarmannvirki sem ætlað er að vernda land í eigu einkaaðila eða hins opinbera eða mannvirki í eigu einkaaðila. Auglýsa skal eftir umsóknum um slíka styrki á opinberum vettvangi þar sem fram koma skilyrði þau sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta hlotið styrk, sem og hámarksfjárhæð styrks.

□ Nú þarf með varnarmannvirkjum eða á annan hátt að stöðva landbrot sem stofnar í hættu mannvirkjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga og greiðir þá viðkomandi aðili allan kostnað. Á sama hátt greiðir viðkomandi aðili að fullu kostnað við framkvæmdir sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns sem rekja má til framkvæmda opinberra aðila, t.d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerð eða straumrennsli breytist vegna efnistöku úr farvegi og vegna miðlunarlóna við virkjanir.

□ Þegar varnarmannvirki er bæði ætlað að verja mannvirki skv. 2. mgr. og land skal kostnaður við framkvæmdirnar og undirbúning þeirra skiptast milli Landgræðslunnar og þess aðila skv. 2. mgr. sem viðkomandi mannvirki heyrar undir, eftir nánara samkomulagi þeirra á milli. Ef upp kemur ágreiningur um skiptingu þessa kostnaðar skal ráðherra skera úr.

**VII. kafli. Samningar, afhending og sala landgræðslusvæða.****■ 20. gr. Umsjón landgræðslusvæða.**

□ Við umsjón landgræðslusvæða skal eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- vernd og endurheimt vistkerfa,
- vettvangur fræðslu og rannsóknna,
- stuðningur við atvinnu, byggð og búsetu.

□ Landgræðslan skal halda skrá yfir þau lönd sem flokkast sem landgræðslusvæði og skal jafnframt setja reglur um meðferð þeirra, svo sem um nýtingu og umferð almennings. Reglur fyrir landgræðslusvæði og afmörkun þeirra skulu staðfestar af ráðherra og auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda.

**■ 21. gr. Afhending landgræðslusvæða.**

□ Þegar landgræðslusvæði, sem Landgræðslan hefur umsjón með samkvæmt samkomulagi við landeiganda, er í það góðu ástandi að mati Landgræðslunnar að ekki er þörf á frekari aðgerðum af hálfu stofnunarinnar skal umsjón þess aftur falin landeiganda.

□ Landgræðslan skal við afhendingu landgræðslusvæðis setja reglur um meðferð þess sem miða við sjálfbæra nýtingu þess, sbr. 11. gr. Reglum þessum skal þinglýst á viðkomandi landsvæði. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga þessara um meðferð og nýtingu slíkra svæða.

□ Landgræðslunni er heimilt að gera samning um stuðning við frekari landgræðsluverkefni á hinu afhenta landgræðslusvæði, sbr. 8. gr., óski landeigandi eftir því.

**■ 22. gr. Sala á uppgræddu landi í eigu ríkisins og kaupréttur.**

□ Hafi land verið tekið eignarnámi til uppgræðslu eða landi verið afsalað til Landgræðslunnar til uppgræðslu eða til að verjast sandágangi hefur eigandi þeirrar jarðar sem viðkomandi land tilheyrði áður kauprétt að því, sbr. 36. gr. a jarðalaga, nr. 81/2004. Land þetta skal þó ekki selt fyrr en ástand þess uppfyllir skilyrði 1. mgr. 21. gr.

□ Landgræðslan skal fyrir sölu á uppgræddu landi í eigu ríkisins setja reglur um meðferð svæðisins þannig að meðferð landsins skuli ávallt vera sjálfbær. Þá skulu sett skilyrði um meðferð og nýtingu þess. Reglum þessum skal þinglýst á viðkomandi landsvæði.

□ Land skv. 1. mgr. má ekki selja sé það að hluta til eða að öllu leyti náttúruverndarsvæði samkvæmt náttúruverndarlögum.

**VIII. kafli. Ýmis ákvæði.****■ 23. gr. Gjaldtaka.**

□ Landgræðslunni er heimilt að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu vegna bílastæða, salerna, tjaldsvæða og annarra sambærilegra innviða innan þeirra svæða sem stofnunin hefur umsjón með. Þá er Landgræðslunni einnig heimilt að innheimta gjöld fyrir leiðsögn innan þessara svæða. Tekjum af gjöldunum er ætlað að mæta kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur innviða skv. 1. máls. og eftirlit með gestum og leiðsögn innan svæðanna. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur í reglugerð.

**■ 24. gr. Þvingunarúrræði.**

□ Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum er Landgræðslunni heimilt að veita viðkomandi áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf. Ef aðili sinnir ekki fyrir mælum um úrbætur innan tiltekins frests getur Landgræðslan ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í ríkissjóð og er hámark þeirra 500.000 kr. á dag.

**■ 25. gr. Stjórnvaldssektir.**

Landgræðslan getur lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn ákvæði 12. gr. Slíkar sektir geta numið allt að 1.000.000 kr.

**■ 26. gr. Eignarnám.**

Ráðherra er heimilt að taka land eignarnámi ef það er

nauðsynlegt með hliðsjón af markmiðum laga þessara. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

**■ 27. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

**■ 28. gr. Breytingar á öðrum lögum. . . .**

ELDDRI ÚTGÁFA